



Fundargerð sveitarstjórnar 20.ágúst 2020

Fundur nr. 41 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 20.ágúst 2020 í félagsheimilinu Miklagarði kl 14:00.

Mætt til fundar: Íris Grímsdóttir, Bárður Jónasson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Bjartur Aðalbjörnsson, Axel Örn Sveinbjörnsson, Teitur Helgason og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sat fundinn Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Almenn mál

a. Rannsóknarsetur vatnavistkerfa – kynning frá Hermanni Bárðarsyni

Hermann Bárðarson, verkefnastjóri yfir samstarfsverkefni sveitarfélagsins, Framfara- og ferðamálafélagsins og veiðifélaganna á Vopnafirði, „Rannsóknarsetur vatnavistkerfa“, kynnti verkefnið fyrir sveitarstjórn og svaraði spurningum hennar.

b. Ársskýrsla HAUST 2019

Lagt fram til kynningar.

c. Umsögn um umsókn v/gistingu á Ásbrandsstöðum Vopnafirði í fl. II

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Austurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir sölu gistingar í flokki II, frá Ferðapjónustunni Ásbrandsstöðum. Umsækjandi og forsvarsmaður er Haraldur Jónsson.

Fyrir liggur jákvæð umsögn byggingarfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gistaða og skemmtanahald, veitir sveitarstjórn jákvæða umsögn og staðfestir jafnframt að staðsetning staðar sem umsóknin lýtur að, sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segir til um.

Sveitarstjórn bendir á að eldvarnareftirlitið og vinnueftirlitið skila sínum umsögnum beint til sýslumanns.

Samþykkt samhljóða.

d. Leiga á ljósleiðara í dreifbýli

Lagt fram til kynningar tilboð Mílu í ljósleiðarakerfið í dreifbýli

Vopnafjarðar. Sveitarstjóra falið að kanna með fjármálastjóra kostnað og tekjur við ljósleiðarakerfið í dag og áréttar að á sama tíma og fjarskiptafélögin leggi tvo ljósleiðara til notenda á suðvesturhorninu þá sitji þéttbýlin úti á landi eftir, þar á meðal Vopnafjörður, þar sem fjarskiptafélögin treysti sér ekki til að ljósleiðaravæða þau á eigin kostnað. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir

a. Hreppsráð 2.7

Lagt fram til kynningar.

b. Hreppsráð 15.7

Lagt fram til kynningar.

c. Hafnarnefnd 18.8

i. Skýrsla hafnarvarðar

Sveitarstjóra falið að kynna sér hvernig úttektarmálum er háttað sem og skyldur sveitarfélagsins varðandi lyftara á höfninni og hvernig þeim málum er háttað annars staðar. Samþykkt samhljóða.

ii. Löndunarkrani – uppsetning á nýjum krana

Sveitarstjóra falið að kanna málið frekar. Samþykkt samhljóða.

3. Bréf til sveitarstjórnar

a. Bréf frá Birni Hreinssyni – öryggismál á höfninni

Sveitarstjórn þakkar fyrir þessa góðu ábendingu frá Birni Hreinssyni og þakkar fyrir að ekki fór verr. Umrædd öryggismál eru öll komin í ferli og verður unnið að úrbótum á þeim hið snarasta. Samþykkt samhljóða.

b. Bréf frá Hollvinasamtökum Sundabúðar

Sveitarstjórn þakkar fyrir bréfið og tekur þessar ábendingar til skoðunar og felur sveitarstjóra að koma viðgerð á dyrasímum og fleiru sem er ábótavant í leiguíbúðum aldraðra í réttan farveg. Samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri hefur setið hina ýmsu fundi og fengið góðar heimsóknir frá seinasta sveitarstjórnarfundi. Þar má nefna heimsókn frá Líneik og Þórunni Þingmönnum Norðausturkjördæmis. Einnig var fundur í tengslum við Vopnafjarðarútibú með skólastjóra Laugaskóla og starfsmanni útíbúsins og verður einn nemandi í útibúinu í vetur.

Vallarhúsið var vígt á Vopnafjarðardögum í sumar. Strandblakvöllurinn er kominn upp og búið að stika fyrir frísbíggvelli. Ný heimasíða verður frumsýnd 8. september og nýjar merkingar í bænum í tengslum við það. Signý Björk Kristjánsdóttir hóf störf á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps 4. ágúst. Fyrri úttekt jafnlaunavottunar er 10. september og vinna við það í fullum gangi. Stefnumótun í urðunarmálum Vopnafjarðarhrepps, Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps til skoðunar með mögulegri aðkomu ríkisins. Nýbygging á Skálanesgötu gengur vel og er Stefán Guðnason verkefnisstjóri.

Vopnafjarðarhreppur fékk eina milljón króna í styrk úr Fjallavegasjóði frá Vegagerðinni.

Íbúðir hreppsins á Kolbeinsgötu 55 eru að fara á sölu. Verið er að kanna skólaakstur leikskólabarna sem og búa til reglur um skólaakstur. Opið hús verður 24. ágúst á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps vegna aðalskipulagsbreytingar á Ytri Hlíð og einnig vegna breytingar á deiliskipulagi hafnarsvæðis vegna niðurrifs Hafnarbyggðar 16.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 16:23.

[Fundargögn](#)